



FLJÓTSDALSHREPPUR

Gjaldskrá fyrir sorpförgun og hreinsun rotþróa í Fljótsdalshreppi

1. gr.
Forsendur heimildar

Sveitarstjórn Fljótsdalshrepps samþykkti á fundi sínum 7. desember 2023 eftirfarandi gjaldskrá fyrir förgun sorps og hreinsun rotþróa. Gjaldskrá þess er sett samkvæmt ákvæðum í 8. og 9. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og megnunarvarnir með síðari breytingum.

2. gr.
Sorpirðu- og rotþróargjöld.

Flokkur	Tegund þjónustu	Árleg upphæð kr.
A	Sorpirðugjald með þjónustu á heimili	21.000
B	Sorpirðugjald á sumarhús án þjónustu en með aðgangi aðgámasvæði við Végarð	15.000
C	Rotþróargjald á hverja rotþró minni en 6 m ³	22.000
D	Rotþróargjald á hverja rotþró stærri 6 m ³	30.000

3. gr.
Samþykkt og staðfesting.

Samþykkt þessi var samþykkt í hreppsnefnd Fljótsdalshrepps þann 7. desember 2023. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur eldri gjaldskrá, sem samþykkt var 5. desember 2022 úr gildi.

Végarði 12. desember 2023

Helgi Gíslason
sveitarstjóri Fljótsdalshrepps